

# Ársskýrsla Janusar endurhæfingar

Árið 2023



## Yfirlit

|  |   |
|--|---|
| Almennt yfirlit yfir árið 2023.....  | 2 |
| Þjónustan, yfirlit yfir árið 2023 .....                                    | 3 |
| Árangur og yfirlit yfir útskrifaða úr starfsendurhæfingunni .....          | 4 |
| Yfirliti yfir alla sem sóttu endurhæfingarþjónustuna árið 2023 .....       | 6 |
| ADHD samvinnuverkefni milli Janusar endurhæfingar og Heilsugæslunnar ..... | 6 |

## Almennt yfirlit yfir árið 2023

Innan Janusar endurhæfingar fer fram þverfagleg læknisfræðileg hæfing og endurhæfing ásamt ADHD greiningum.

Þrjú þjónustusamningar voru í gildi á árinu. Einn við Virk starfsendurhæfingarsjóð varðandi starfsendurhæfingu og var hann upp á 80 starfsendurhæfingarpláss á mánuði. Annar við Sjúkratryggingar Íslands varðandi *hæfingu* og endurhæfingu og tók hann til 20 endurhæfingarpláss á mánuði, fyrir 30 ára og yngri einstaklinga. Í september 2023 gerði Janus endurhæfing sameiginlega þjónustusamning við Sjúkratryggingar Íslands og Virk starfsendurhæfingarsjóð upp á 80 pláss á mánuði og féllu þá fyrrnefndir þjónustusamningar úr gildi. Þríhliða þjónustusamningurinn var m.a. undirritaður af Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra og Guðmundi Inga Guðbrandssyni félags- og vinnumarkaðsráðherra í október 2023, sjá nánar bls. 4. Sumarið 2023 var gerður þjónustusamningur við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins varðandi framkvæmd ADHD greininga í Janusi endurhæfingu í samvinnu við ADHD teymi Heilsugæslunnar.

Stöðugildum fækkaði um eitt á milli ára vegna nauðsynlegrar hagræðingar og voru 24 fastráðnir starfsmenn í 20 stöðugildum. Verktakar voru um 20 talsins. Sérfræðiþekking fastra starfsmanna spannaði breitt svið að venju, læknisfræði, iðjuþjálfun, sálfræði, sjúkrabjálfun, félagsráðgjöf, kennslufræði, uppeldisfræði, félagsfræði, ýmsa listiðn og fleiri svið.



Mynd 1. Frá vinstri: Kristín Siggeirsdóttir, framkvæmdarstjóri Janusar endurhæfingar. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra. Ómar Hjaltason, forstöðulæknir Janusar endurhæfingar.

aðstoðarmanni og Birnu Sigurðardóttur sérfræðingi.

Fjölbreytt úrval námskeiða var á árinu eða 92. Þar af voru um það bil 30 – 40 í boði á hverjum tíma. Þar að auki voru mjög margar einstaklings meðferðir í gangi t.d. innan hæfingar og sálfræði svo eitthvað sé nefnt. Það hefur sýnt sig vera nauðsynlegt til að einstaklingurinn nái sem bestum árangri þar sem þarfir hvers og eins eru afar mismunandi.



Mynd 2. Undirritun þríhliða samnings milli Janusar endurhæfingar, sjúkratrygginga Íslands og Virk starfsendurhæfingarsjóðs. Talið frá vinstri; Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra, Vigdís Jónsdóttir forstjóri Virks starfsendurhæfingarsjóðs, Kristín Siggeirsdóttir framkvæmdastjóri Janusar endurhæfingar, Sigurður H. Helgason forstjóri Sjúkratrygginga Íslands og Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra.

Í byrjun október 2023 var undirritaður þríhliða þjónustusamningur milli Janusar endurhæfingar, Sjúkratrygginga Íslands og Virk starfsendurhæfingarsjóðs um samþætta og þverfaglega heilbrigðis- og starfsendurhæfingarsjónustu við ungt fólk á aldrinum 18 til 30 ára með flókinn og fjölþættan vanda. Samningurinn er til tveggja ára og tryggir þjónustu fyrir 80 einstaklinga sem eru ekki í vinnu, virkni eða námi og þurfa sérhæfða einstaklingsmiðaða endurhæfingu til að efla virkni og starfsgetu.

Hér er um tilraunaverkefni að ræða, varðandi aukna samþættingu endurhæfingarsjónustu milli ráðuneyta.

Sérstök áhersla er lögð á að vinna náið með sérfræðingum innan hinna ýmsu kerfa, heilbrigðisfélags- og menntakerfisins, allt eftir þörfum einstaklingsins hverju sinni. Þetta samstarf og samráð við sérfræðinga innan hinna ýmsu kerfa er ætlað að gefa enn frekari möguleika á góðri, faglegri, heildrænni nálgun og samfelli í endurhæfingu einstaklingsins. Þríhliða þjónustusamningurinn byggir á vel heppnuðu verkefni, Ungir fullorðnir eða Ungmennaverkefninu – sem var samvinnuverkefni Janusar endurhæfingar, Geðheilsuteyma heilsugæslunnar, geðdeilda Landspítalans, Þrautar og Önnu Maríu Jónsdóttir geðlæknis sem hófst í ágúst 2021 en áður hafði það verið í undirbúningi frá árinu 2018.

Í Janusi endurhæfingu hefur ávalt mikið verið lagt upp úr sí- og endurmenntun starfsfólks enda er það mikilvægur og nauðsynlegur hluti af faglegu starfi innan Janusar endurhæfingar. Starfsmenn sóttu ýmis námskeið og ráðstefnur á árinu auk þess sem tveir sóttu einnig formlegt framhaldsnám við Háskóla. Sú þekking sem starfsmenn öfluðu nýttist vel inn í enn frekari uppbyggingu starfseminnar. Möguleiki starfsfólks til handleiðslu hjá viðeigandi fagaðilum er einnig mikilvægur hlekkur í öllu faglegu starfsumhverfi Janusar endurhæfingar og voru starfsmenn duglegir að nýta sér hana á árinu.

## Þjónustan, yfirlit yfir árið 2023

Nýting plássá reyndist því miður ekki nógu góð á árinu. Augljóst er að ekki var skortur á eftirspurn og/eða einstaklingum sem töldu sig hafa þörf fyrir endurhæfingu innan Janusar endurhæfingar. Það kom glökt í ljós á árinu eins og endranær. Fjöldinn allur af fyrirspurnum barst varðandi hvernig hægt væri að komast inn í endurhæfinguna. Fyrirspurnir bárust frá fagaðilum, aðstandendum og einstaklingum gegnum síma sem og tilvísanir þrátt fyrir að starfsemin hefði ekki heimild til að taka á móti þeim og aðilar væru upplýstir um það.

Starfsendurhæfingarsjóðurinn Virk var stærsti kaupandi þjónustunnar eins og fyrri ár. Frá janúar til og með ágúst keypti sjóðurinn 80 pláss mánuði og var nýtingin að meðaltali 33 pláss á mánuði. Frá september til og með desember, gildi þríhliða þjónustusamningurinn sem áður er greint frá en hann var upp á 80 pláss á mánuði. Nýting þeirra plássanna var að meðaltali 30 pláss af 80 í hverjum mánuði. Hinsvegar má bæta því við, að meðaltali voru 4 þátttakendur að auki í mánuði hverjum í þjónustu á þessu tímabili þar sem þeir fengu að vera áfram með sérstakri undanþágu þverfaglega teymis Janusar endurhæfingar, þrátt fyrir að ekki væri um pöntun/kaup á þjónustu að ræða frá sjóðnum.

Janus endurhæfing hefur í stigvaxandi mæli sinnt einstaklingum sem glíma við flókin geðræn vandamál og hefur góður árangur starfseminnar vakið athygli út fyrir landsteinana. Í sumum tilfellum er leiðin að vinnu og/eða námi erfið og ekki alltaf raunhæfur kostur. Ýmislegt spilar þar inn í svo sem flóknar aðstæður og óhefðbundinn taugabroski. Þá skiptir miklu máli að einstaklingurinn öðlist verkfæri til að takast á við daglegt líf. Upplifi almennt bætt heildarlífsgæði. Janus endurhæfing leggur mikla áherslu á að mæta einstaklingum þar sem þeir eru staddir sem skilar sér oft til baka í betri líðan þeirra og þá um leið oft í minni kostnaði fyrir samfélagið. Starfsmenn einbeita sér því að þörfum einstaklinganna og styrkleikum þeirra ásamt því styðja þá við að setja sér raunhæf markmið og framkvæma þau.

## Árangur og yfirlit yfir útskrifaða úr starfsendurhæfingunni

Starfsemin skilaði framúrskarandi árangri árið 2023 þar sem hvorki meira né minna en 68% þátttakenda fóru aftur í vinnu, nám eða virka atvinnuleit, sjá nánar, mynd 3, kökurit hér að neðan.

Sérlega áhugavert er að 80% af þeim sem útskrifuðust hækkuðu lífsgæði sín umtalsvert samkvæmt mælitækinu Heilsutengd lífsgæði, eða um 11.1 að meðaltali (0-100) þar sem “eðlileg” lífsgæði eru talin 50, sjá nánar mynd 4 og 5 hér að neðan. Líklegt má teljast að það hafi verið fleiri einstaklingar en hér koma fram þar sem talsverður hópur er á einhverfurófi og reikna má með að ekki mælist sambærileg breyting hjá þeim.


Samtals voru 86 einstaklingar starfsendurhæfingu árið 2023, sjá nánar töflu 1. Virkir einstaklingar í endurhæfingunni voru að meðaltali 51 hverju sinni (pláss keypt af Virk starfsendurhæfingarsjóði og Sjúkratryggingum). Meirihlutinn var ungt fólk 30 ára og yngra eða 84%. Meðalaldur var 26 ár (SF 6.5), miðgildi 25 ár (dreifing 18.0 – 45.0). Allir voru með að minnsta kosti eina geðræna ICD-10 greiningu og flestir með þung geðræn vandamál.

Einn einstaklingur kom aðeins í mati á möguleikum til starfsendurhæfingar og er því ekki tekninn með í útreikningana.


- 40% höfðu notað vímuefni áður en þeir byrjuðu í starfsendurhæfingunni.
- 17% voru með börn á framfærslu.
- 94% voru einhleypir.
- 24 mánuður var að meðaltali liðinn frá vinnu í upphafi endurhæfingar, hjá þeim þátttakendum sem höfðu atvinnusögu.
- 50 einstaklingar útskrifuðust á árinu og fóru 68% þeirra í atvinnu, nám eða virka atvinnuleit

Tafla 1. Samantekt yfir þá sem sóttu starfsendurhæfingu hjá Janusi endurhæfingu árið 2023

| Starfsendurhæfingarúrræði – Árið 2023                            |     | % af heildarfjölda |
|--|-----|--------------------|
| Heildarfjöldi (kvk+kk) sem sóttu þjónustu á árinu                | 86  |                    |
| Fjöldi konur   | 44  | 51%                |
| Fjöldi karlar  | 42  | 49%                |
| Fjöldi virkra í endurhæfingu hverju sinni (daglegt meðaltal)     | 51  |                    |
| Fjöldi 30 ára og yngri   | 72  | 84%                |
| Meðalaldur (ár)  | 26  |                    |
| Miðgildi aldurs (ár)   | 25  |                    |
| SF aldurs (ár)   | 6.1 |                    |
| Min aldurs (ár)  | 18  |                    |
| Max aldurs (ár)  | 45  |                    |
| Fjöldi einhleypra  | 81  | 94%                |
| Fjöldi þeirra sem voru með börn á framfærslu                     | 15  | 17%                |
| Fjöldi þeirra sem höfðu neytt vímuefna /með neyklusögu           | 34  | 40%                |
| Meðalfjöldi mánaða frá vinnu hjá þeim sem höfðu vinnusögu (n=79) | 24  |                    |



Mynd 3. Til árangurs teljast þeir sem útskrifast í nám, vinnu og virka atvinnuleit. Síðastliðið ár var árangurinn 68% hjá þeim aðilum sem útskrifuðust úr starfsendurhæfingarþjónustu.



Mynd 4 og 5. Samanburður á mælitækinu Heilsutengdum lífsgæðum þar sem upphafsmæling flokksins heildarlífsgæða og útskriftarmæling hans eru bornar saman hjá öllum 50 sem útskrifuðust 2023. Sjá má að 80% af þeim sem útskrifuðust árið 2023 upplifðu lífsgæði sín betri við útskrift en í upphafi endurhæfingarinnar. Meðaltalsbreyting alls hópsins var 11.1 stiga hækkun á heildarlífsgæðum.

## Yfirliti yfir alla sem sóttu endurhæfingarpjónustuna árið 2023

Meirihluti aðila sem sóttu endurhæfingu á árinu var ungt fólk (63.73% voru yngri en 31 ára), meðalaldur 29.69 ár (miðgildi 27.0, SF 9.5, dreifing 18.0 - 62.0) og voru flestir með þung geðræn vandamál sem sóttu endurhæfingu.

Samtals sóttu 109 aðilar í þjónustu á tímabilinu. Konur voru í minnihluta eða 48% og virkir í þjónustu voru að meðaltali 58 hverju sinni.

- 31.4% höfðu notað vímuefni áður en þeir byrjuðu í Janusi endurhæfingu.
- 11.76% voru með börn á framfærslu.
- 70.59% voru einhleypir.
- 24.25 mánuður var að meðaltali liðinn frá vinnu í upphafi endurhæfingar, hjá þeim þátttakendum sem höfðu atvinnusögu.

## ADHD samvinnuverkefni milli Janusar endurhæfingar og Heilsugæslunnar

Sumarið 2023 var gerður þjónustusamningur milli Janusar endurhæfingar og Heilsugæslunnar varðandi greiningu á ADHD. Sérfræðingar innan Janusar endurhæfingar hjálpuðu ADHD teymi Heilsugæslunnar við að greina ADHD. Samvinnan við ADHD teymi Heilsugæslunnar gekk afar vel og varð mikil eftirspurn.

Alls vísaði ADHD teymi Heilsugæslunnar 23 aðilum í ADHD greiningu til þverfaglegs teymis Janusar endurhæfingar. Í heildina uppfylltu 22 aðilar skilmerki fyrir ADHD og sóttu í framhaldinu lyfjastillingu hjá geðlækni Janusar endurhæfingar. Konur voru í meirihluta eða 52%. Meðalaldur 39.6 ár (miðgildi 41, SF 8, dreifing 27-57)

Til að mæta mikilli eftirspurn í samfélaginu var ákveðið að opna fyrir nýja tilvísunarleið. Gefa aðilum tækifæri að sækja um sjálfir beint í greiningarferli til þverfaglegs teymis Janusar endurhæfingar gegnum heimilslækni sinn. Þjónustusamningnum við Heilsugæsluna var því sagt upp og þær greiningar sem samþykktar höfðu verið kláraðar.